

Það var Rénan, sem fyrstur sinna samtíðarmanna lét eina af persónunum í samtölum sínum taka þannig til orða: „Aðalárangurinn af starfi mannkynsins á að vera sá, að framleiða mikla meann..... Frelsisins er að eins að vænta frá mikla manningum.“ Auðsjáanlega hefir hann þá með orðinu „markmið“ átt við hið ákjósanlegasta, eftirsóknarverðasta. Viðbótin „Frelsisins er að vænta“ o. s. frv. bendir einnig á það, að tvikli maðurinn á ekki einungis að lifa sjálfum sér. Markmiðið þýðir því hið *æðsta, göfugasta, ágætasta*, sem hægt er að öðlast.

Gegn aðalhugsuninni í þessu hafa komið fram þannig löguð mótmæli: Þar sem nú mikli maðurinn er takmarkið, þá komast menn þessir í mótsögn við sjálfa sig, þar sem þeir segja, að hann sjálfur hafi takmark, því hann sé þá að eins verkfæri, sem vinni að yfirgrípsmeira takmarki, en hann er sjálfur.

En allt slíkt er að eins hugsanavilla. Maðurinn er *mikill* eða *litill* vegna þess sem hann er. Af andlegt eða efnislegt innan mannfélagsstofnunarinnar og á hana verkandi. Það er því ekki hægt að flysja manninn frá verkum hans, frekar en stjórnuuna frá geislum hennar.

Tökum t. d. Leonardo. Þegar hann málaði, þá var fullkomnunin í listinni takmark hans, en fullkomnunin í verkinu var ein og hin sama og hans persónulega fullkomnun. Hann skoðaði sig ekki sem verkfæri, er einn út af fyrir sig yrði aðnjótandi nautnarinnar, sem listin í verkinu hafði í sér fólgn, og sem síðan hefir orðið fjölda manna og öllum heiminum að ómetanlegu gagni. Þetta getur maður t. d. séð á ýmsum trúarbragða höfundum, svo sem Buddha, Jesú og Múhamed. Jafnvel svo eldheitur sannkristinn maður eins og Sören Kirkegaard sagði, að kristindómurinn hefði í rauninni aldrei komist inn í heiminn, að eins til nokkurra af postulunum. Fyrir hann er Jesús algjörlega kristindómurinn. Haraldur Höfðing segir í síðfræði sinni, að það sé til menn, er enga siðgædistilfinningu hafi, og þurfi hennar heldur ekki við, því það sem þeir gjöri, það gjöri þeir af fús- um og frjálsum vilja, án þess nokkuð að meta gildi sinna eður annara gjörða. Þeir geta unnið að listum, vísindum, í þjónustu mannfélagsins eða þess þjóðfélags, sem þeir eru meðlimir á.—